Alþingi
Erindi nr. Þ 141/107
komudagur 11.10.2012

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga, um breytingu á lögum um dómstóla, á lögum um meðferð sakamála og á lögum um meðferð einkamála. Þingmál 12-12 mál.

Megin breytingin sem frumvarpið gerir ráð fyrir frá gildandi lögum er stofnun „endurupptökunefndar“ sem ákvarða á hvort heimila skuli endurupptöku máls sem dæmt hefur verið í héraði eða í Hæstarétti. Nefndin skal skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara sem allir skulu vera löglærðir, skipaðir af Hæstarétti, dómstólaráði og Alþingi, sem hver um sig skipar aðal- og varamann hans.
Að mati undirritaðs er hér um mjög brýnt mál að ræða þar sem það segir sig eiginlega sjálft að verklagið sem gilt hefur um endurupptökur dæmdra mála í Hæstarétti þ.e. að rétturinn ákveði það sjálfur hvort dæmt mál skuli endurupptekið er ekki boðlegt í réttarríki. Einnig hefur það viðgengist að dómarar við réttinn sem dæmdu viðkomandi mál sem óskað er endurupptöku á hafi getað ráðið því hvort endurupptaka skuli heimiluð eða ekki. Er einhver leið að réttlæta slíkt verklag?
Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að á því 10 ára tímabili sem vitnað er til hafi réttinum borist 32 beiðnir um endurupptöku dæmds máls. Í 16 tilfellum hafði einn dómari af þeim þremur sem ákvörðuðu um framhald málsins, dæmt það áður. Í 10 tilfellum hafði enginn þeirra dómara sem ákvörðuðu um framhald málsins, dæmt það áður. Í 5 tilfellum höfðu tveir þeirra dómara sem ákvörðuðu um framhald málsins, dæmt það áður og í einu tilfelli höfðu sex af þeim níu dómurum sem ákvörðuðu um framhald málsins, dæmt það áður.
Það mál varðar bróður undirritaðs, Sævar Magnússon, og snérist um hvort hann hefði unnið eignarrétt á ákveðnu landi á grundvelli laga nr. 46/1905, um hefð.
Málið fór tvisvar fyrir Hæstarétt, fyrst sem útburðarmál þar sem ákvörðun Héraðsdóms Norðurlands eystra, um útburð, dags 20. júní 2003 var skotið til réttarins sem hafnaði ákvörðun héraðsdóms. Í Hæstarétti dæmdu málið hæstaréttardómararnir:

Árni Kolbeinsson
Ingibjörg Benediktsdóttir
Markús Sigurbjörnsson
Dómur Hæstaréttar, dags. 1. sept. 2003, nr. 284/2003.

Í síðara sinnið var dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra, dags. 11. maí 2005, skotið til Hæstaréttar. Málið var höfðað á grundvelli laga nr. 46 /1905 um hefð.
Í Hæstarétti dæmdu málið hæstaréttardómararnir:

Garðar Gíslason
Gunnlaugur Claessen
Hrafn Bragason
Dómur Hæstaréttar, dags. 13. okt. 2005, nr. 221/2005.

Meirihluti dómsins hafnaði því að Sævar Magnússon hefði eignast umrætt land á grundvelli laga um hefð. Í meirihluta voru þeir Garðar Gíslason og Hrafn Bragason.
Gunnlaugur Claessen skilaði rökstuddu séráliti, hann taldi dóminn rangan og að viðurkenna bæri að Sævar Magnússon hefði unnið eignarrétt á umræddri spildu fyrir hefð.
Með bréfi til Hæstaréttar dags. 18. ág. 2005 óskaði lögmaður Sævars Magnússonar, Jónas Haraldsson hrl. eftir því að Hæstiréttur heimilaði að nefnt mál nr. 221/2005 yrði endurupptekið á grundvelli framtalinna raka í bréfinu.
Hæstiréttur svaraði, með bréfi dags. 15. des. 2005, eða um 4 mánuðum seinna, þar sem greint var frá því að beiðnin hafi verið tekin fyrir á fundi dómara við réttinn þann 12. des. með þeim málalokum að meirihluti þeirra hafi hafnað beiðninni. Þeir sem höfnuðu beiðninni voru:

Árni Kolbeinsson
Garðar Gíslason
Gunnlaugur Claessen
Hrafn Bragason
Markús Sigurbjörnsson

Þeir sem vildu samþykkja beiðnina voru:

Hjördís Hákonardóttir
Ingibjörg Benediktsdóttir
Jón Steinar Gunnlaugsson
Ólafur Börkur Þorvaldsson

Hér kemur í ljós að þeir fimm dómarar sem höfnuðu beiðninni höfðu allir komið að þessu máli áður og meira að segja einn þeirra Gunnlaugur Claessen skilaði séráliti í máli 221/2005. Taldi það rangt dæmt af þeim Garðari Gíslasyni og Hrafni Bragasyni. Fjórir dómarar við réttinn vildu heimila endurupptöku, þrír þeirra höfðu ekki komið að málinu áður.
Það hlýtur að vekja upp áleitnar spurningar að allir þeir sem lögðust gegn endurupptökunni höfðu dæmt málið áður og sömuleiðis að allir, að einum frátöldum, sem vildu heimila endurupptöku höfðu ekki dæmt málið áður. Þessi afdráttarlausa skipting dómaranna stingur í augu þar sem allir hljóta þeir að hafa tekið afstöðu á grundvelli sömu gagna en hugsanlega lagt misjafnt mat á þau eftir því hvort þeir höfðu dæmt málið áður eða ekki.
Í ljósi þessa er freistandi að draga þá ályktun að fyrri afskipti dómaranna af málinu, sem höfnuðu beiðninni, hafi haft áhrif á afstöðu þeirra þ.e. að hún hafi ekki alfarið mótast af framlögðum gögnum með beiðninni sem segir okkur að þær hafnanir réttarins sem byggjast á afstöðu þeirra dómara sem áður höfðu dæmt viðkomandi mál eru a.m.k. umdeilanlegar, svo ekki sé nú meira sagt.
Ef rétturinn hefði, í þessu tilfelli, farið að þeirri meginreglu sem hann beitti í um 81% tilfella við úrlausn þeirra 32 beiðna um endurupptöku dæmds máls , sem hér er vitnað til, þ.e. að aldrei skyldi fleiri en einn dómari af þeim þremur sem ákvörðuðu um framhald málsins hafa dæmt það áður þá hefði nefnd beiðni verið samþykkt.
Það vekur einnig spurningar að það skyldi taka Hæstarétt um fjóra mánuði að ákveða hvort orðið yrði við nefndri beiðni um endurupptöku þar sem það tekur réttinn að meðaltali um tvo mánuði að afgreiða mál af þessu tagi. Í ljósi þessa langa umfjöllunartíma réttarins má ætla að afstaða einstakra dómara til málsins hafi verið kunn þegar atkvæðin voru greidd á sínum tíma.
Ekki er að finna í frumvarpinu ákvæði sem heimilar að beiðnum um endurupptöku mála sem hafnað hefur verið af Hæstarétti sé vísað til endurákvörðunar endurupptökunefndar.

Eins og þegar er fram komið þá skilaði Gunnlaugur Claessen séráliti í máli 221/2005. Því áliti er undirritaður mjög sammála ekki síst í ljósi dóms Hæstaréttar nr. 401/2006 en það mál var sömuleiðis höfðað á grundvelli laga nr. 46 /1905 um hefð. Um niðurstöður Hæstaréttar í þessum tveimur málum, sem gengu hvor í sína áttina, ritaði undirritaður grein sem birtist í Blaðinu 12. maí 2007 og fylgir hér með.
Mitt mat, byggt á framansögðu, er að í frumvarpinu verði að vera ákvæði sem heimilar þeim sem óskað hafa eftir endurupptöku máls fyrir Hæstarétti og fengið höfnun að vísa því til endurákvörðunar endurupptökunefndar a.m.k. þeim málum þar sem meirihluti þeirra dómara sem ákvörðunina tóku höfðu áður dæmt málið. Sömuleiðis tel ég að hvorki Hæstiréttur né dómstólaráð eigi að tilnefna í endurupptökunefndina, verði það gert sýnist mér að Hæstiréttur muni ráða því áfram sem hingað til hvaða mál fást endurupptekin og hver ekki.

Virðingarfyllst,
Kópavogi 11. október 2012,
Helgi Laxdal

Af handhöfum réttlætisins

Fyrir skemmstu var frá því greint í fréttum að samkvæmt þjóðarpúlsi GALLUP báru aðeins 29 prósent aðspurðra traust til Alþingis og að aðeins 30 prósent aðspurðra báru traust til íslenskra dómstóla. Hér er á ferðinni skelfileg niðurstaða fyrir löggjafarsamkunduna og dómstóla landsins. Látum það vera þótt landsmenn beri ekki traust til Alþingis, það er á margan hátt skiljanlegt miðað við þá mynd sem daglega er dregin upp af störfum þingsins. Hitt er mun alvarlegra ef 70 prósent þjóðarinnar bera ekki traust til dómstóla landsins vegna þess að almenningur hefur ekki önnur kynni af störfum þeirra en í þeim tilfellum sem viðkomandi hafa þurft að leita úrlausnar ágreinings innan dómskerfisins.

Traust *„Fyrir skemmstu var frá því greint að samkvæmt þjóðarpúlsi GALLUP báru aðeins 30 prósent aðspurðra traust til íslenskra dómstóla."*

Illskiljanlegar niðurstöður

Vegna starfa minna undangengin 25 ár hef ég fylgst nokkuð með málarekstri fyrir öllum tegundum hérlendra dómstóla og sannast sagna er ég ekki hissa á því að almenningur beri takmarkað traust til dómstóla landsins þar sem margar niðurstöður þeirra eru a.m.k. illskiljanlegar. Máli mínu til stuðnings verður hér vitnað í tvo dóma Hæstaréttar nr. 221/2005 sem framvegis verður nefndur A og dóm nr. 401/2006 sem við skulum kalla B. Báðir þessir dómar snúast um eignarhald á landspildum sem í báðum tilvikum voru þinglýst eign ákveðins aðila en aðrir gerðu tilkall til. Í dómi A taldi viðkomandi að um gjöf hefði verið að ræða en í dómi B var því haldið fram að um endurgjald væri að ræða vegna fyrri tíma vinnuframlags. Í báðum tilvikum lágu eftirfarandi staðreyndir fyrir:

- Engin skrifleg gögn né vottaðar yfirlýsingar voru lagðar fram til stuðnings eignartilkallinu, aðeins óvottfest munnmæli.
- Þeir sem ætluð viðskipti gerðu við kröfuhafa til landsins voru fallnir frá.
- Landspildurnar höfðu verið nýttar, af þeim sem gerðu kröfu um eignarhald, án endurgjalds eða aðfinnsla frá þinglýstum eigendum, fullan hefðunartíma.
- Þinglýstir eigendur héldu því fram að landið hefði verið leigt þeim sem gerðu til þess tilkall.
- Það eina sem lá fyrir án þess að hægt væri að vefengja það var að landið hafði verið girt af og nýtt af viðkomandi aðilum í fullan hefðunartíma. Því átti niðurstaðan í báðum tilvikum að byggjast á lögum nr. 46 frá 1905 um hefð.

Óstaðfestur framburður

Mál A fór þannig í héraðsdómi að hefðarréttinum var hafnað og eignarhald þinglýsts eiganda staðfest, byggt á óstaðfestum framburði eins manns sem til viðbótar var faðir þinglýsts eiganda og var því tæpast vitnisbær samkvæmt lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Til viðbótar var vitnað í skráningarspjald héraðsráðunauts þar sem landið var skráð með sviga leiguland en fyrir dóminum bar ráðunauturinn að hann hefði talið að svo væri, þ.e. á bak við skráninguna voru engin gögn, hvorki munnlega vottuð né skrifleg, aðeins tilfinning ráðunautarins. A þessu tvennu byggði héraðsdómur niðurstöðu sína í þessu máli.

Meirihluti dóms Hæstaréttar staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með eftirfarandi rökum:

„Héraðsdómari hefur metið framburð X og talið hann trúverðugan, en hann styðst við spjald frá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar frá 1971 þar sem spildan virðist talin vera leiguland áfrýjanda. Y ráðunautur, sem færði spjald þetta, bar fyrir dómi að fyrst þetta sé svo fært hafi landspildan verið leiguland á þessum tíma í sínum huga."

Það er ekki furða þótt landsmenn beri takmarkað traust til dómstóla landsins

Umræðan

Helgi Laxdal

Hvorki skrifleg né munnleg gögn

Í máli B var það niðurstaða héraðsdóms að fallast bæri á kröfu þess sem gerði tilkall til landspildunnar sem endurgjald fyrir fyrri tíma vinnuframlag. Eins og áður hefur komið fram lágu því til grundvallar hvorki skrifleg né munnleg vottfest gögn.

Meirihluti dóms Hæstaréttar staðfesti niðurstöðu héraðsdóms með eftirfarandi dómsorði:

„Ekki var talið að K og S hefði tekist sönnun um að lóðin hefði verið seld á leigu og stóð því ákvæði 3. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð, því ekki í vegi að hefð hefði unnist. Var því fallist á kröfu E og eignarréttur hans að umræddri lóð staðfestur."

Eins og hér kemur fram féllst meirihluti dóms Hæstaréttar ekki á forsendur héraðsdóms um að eignarhald viðkomandi á landspildunni væri endurgjald fyrir fyrri tíma vinnuframlag, þess í stað skyldi eignarhaldið grundvallast á hefðarréttinum, þ.e. á því að kröfuhafinn hafði haft ótakmörkuð yfirráð yfir landspildunni í fullan hefðunartíma samkvæmt lögum nr. 46/1905.

Sömu staðreyndir í báðum málum

Eins og hér að framan var rakið eru framlagðar staðreyndir í þessum tveimur málum þær sömu þótt atburðarás og önnur atriði sem ekki skipta máli við úrlausn þeirra séu sitt með hvorum hætti. Í ljósi þessa hefðu dómsniðurstöðurnar átt að vera þær sömu í báðum málunum, byggðar á þinglýstum eignarrétti eða hefðarrétti, en ekki sitt á hvað sem er niðurstaðan. Að mínu mati er það niðurstaðan í máli A sem er röng þar sem skýrum ákvæðum laga nr. 46/1905 um hefð er hafnað en þess í stað byggt á munnlegum óvottuðum framburði eins manns og skráningarspjaldi sem ekkert stóð að baki nema tilfinning þess sem skráði.

Óskað var endurupptöku Hæstaréttar á máli A með von um leiðréttingu. Það tók réttinn um 4 mánuði að komast að niðurstöðu sem um síðir var tekin af öllum 9 dómurunum. Lyktir voru á þá leið að 5 dómarar höfnuðu beiðninni en 4 samþykktu hana.

Áleitin spurning

Fyrir liggur að sífellt fleiri málum, sumum vonlausum, er vísað til Hæstaréttar, svo mörgum að dómarar réttarins hafa vart undan. Getur ástæðan verið sú sama og rekur fólk til kaupa á lottómiðum? Sú spurning hlýtur einnig að vera áleitin, ef dómar Hæstaréttar eru faglegir, hver er þá ávinningur einstakra stjórnmálaafla að eigna sér einstaka dómara við réttinn?

Í ljósi nefndra niðurstaðna og vaflítið margra annarra sem ganga sitt í hvora áttina er ekki furða þótt landsmenn beri takmarkað traust til dómstóla landsins og alveg sér í lagi til Hæstaréttar sem virðist hafinn yfir gagnrýni, lifir í svo verndaðu umhverfi að um dóma hans má tæpast fjalla á opinberum vettvangi þótt með niðurstöðum sínum í einhverjum tilfellum sé verið að hafa æru og verðmæti af saklausu fólki. Í báðum þessum málum var um sérátkvæði að ræða.

Höfundur er vélfræðingur

Leiðinleg ummæli

Mér fannst leiðinlegt að lesa ummæli framkvæmdastjóra Geðhjálpar í Blaðinu þar sem hann efast um fagmennsku heimilislækna í geðheilbrigðismálum. Heimilislæknar, hér sem annars staðar, hitta langflesta

Fagmennska heimilislækna *„Mér fannst leiðinlegt að lesa ummæli framkvæmdastjóra Geðhjálpar í Blaðinu þar sem hann efast um fagmennsku heimilislækna í geðheilbrigðismálum."*